

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Fimmtudagur 22. nóvember 2018 | 43. töl. 16. árg. | Upplag 10.500 eintök. | Dreift fritt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



Iceland
STAÐARBERGI

MIÐVANGUR 41



Laus strax

50m² 28,3 millj. kr.

Skemmtileg björt og ný standsett einstaklingsíbúð á 7. hæð í góðu lyftuhúsi. Góð staðsetning og stórkostlegt útsýni. Laus strax.

ESKIVELLIR 1



93,4m² 43,9 millj. kr.

Sérlega falleg og björt 3ja herbergja útsýnis íbúð á 5. hæð í góðu lyftuhúsi með góðu sér stæði í lokaðri bíl-geymslu. Glæsilegt útsýni til sjávar.

HRINGBRAUT 2A



Opið hús í dag kl. 17-17.30

106,2m² 59,9 millj. kr.

Björt og falleg fjögurra herbergja endaíbúð á efstu hæð í þessu vinsæla fjölbyli, glæsilegt útsýni, tvennar svalir. Stæði í upphitaðri bílageymslu.



Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is



MATHÚS BAR

VON

Strandgata 75 | 583 6000 | vonmathus.is

Örfáir íbúar í íbúafundi

Hafnarfjarðarbær vill bæta þjónustu og skilvirkni í starfi

Örfáir íbúar sýndu áhuga á að vinna að bættri þjónustu og skilvirkni í starfsemi Hafnarfjarðarbæjar, með því að mæta á íbúafund sl. þriðjudag.

Aðeins var hægt að skipta í tvo hópa sem leituðust við að benda á það sem betur mætti fara í samskiptum við Hafnarfjarðarbæ. Annar hópurinn tók skipulagsmál og samskipti vegna skipulagsmála fyrir og taldi þar mikið mætti laga.

Capacent vinnur að greiningu fyrir Hafnarfjarðarbæ og þar á bæ urðu menn fyrir vonbrigðum með mætinguna. Hins vegar sagði fulltrúi Capacent að mikil ánægja væri með viðbrögð bæjarbúa

við ábendingagáttinni þar sem fjölmargar ábendingar hafi komið fram.

Þá mættu fulltrúar tíu fyrirtækja á fund Capacent

með fyrirtækjum í síðustu viku og var ánægja með ábendingar sem komu fram á þeim fundi.



Þeir sem mættu unnu vel og komu með margar ábendingar.



TAXI

Hafnirska
leigubílastöðin

520 1212

sími
842
2217



HELGAFELL
FASTEIGNASALA

Skóðuðu tertúirvalið
á kakulist.is



Jón Arlúss
KÖKULIST

Kökulist verslunarmisastöðinni Fríðu Hafnarfirði
Kökulist Hólagata 17 Reykjavík
Kökulist Hólaból 2 Garðabæ
Kökulist@kokulist.is - 555 66 55

29. nóvember

FJARÐAR fréttir

Verður þitt fyrirtæki með auglýsingu þar?

Sértilboð! Þantaðu í sími 896 4613, gudni@fjardarfrettir.is



Hólagjafahandbókin



FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Póstdreifing

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



leiðarinn

Aðventan fer að hefjast og jólahátíðin nálgast. Minnst er fæðingu frelsarans þó fleiri og fleiri afneiti kristinni trú.

Í allri ösinni sem verður í aðdraganda jóla, þegar allt þarf að kaupa og gera svo allt verði fullkomið um jóln, þurfa menn þó að hugsa um það sem kristin trú og reyndar fleiri trúarbrögð leggja áherslu á, kærleikann. Á tímum óvæginnna dóma á samfélagsmiðlum er mikilvægt að minnast að aðgát skal höfð í nærveru sálar.

En framundan er besti tími margra verslunar-eigenda og víða skiptir viðskiptin fyrir jóln miklu máli í heildarveltu og því mikilvægt að vel takist til.

Þó hér í miðbæ Hafnarfjarðar hafi verslunum fækkað frá því sem var í lok síðustu aldar þá eru hér í bæ fjölmargar verslanir víða um bæinn og þjónustufyrirtæki. Sum hver fyrirtækin eru lítt áberandi í bæjarlífinu og gleymast þegar sækja á þjónustu. Þó eru allir sammála um að mikilvægt er að hafa öfluga verslun og þjónustu í bænum. Bæjarbúar þurfa að leita betur innanbæjar áður en lengra er haldið og hafnirsk fyrirtæki mættu vera meira áberandi t.d. hér í bæjarblaðinu.

Mikilvægt er að bæjarbúar sjái þokkalega á einum stað hvar þjónustu megi finna og Fjardarfrettir leggur sitt af mörkum til að það megi verða.

Jólagjafahandbók Fjardarfretta kemur út í næstu viku og þar er tækifæri fyrir verslanir og þjónustufyrirtæki Hafnarfjarðar að kynna vörur sínar og þjónustu.

Leitum ekki langt yfir skammt og spörum okkur bensín og tíma. Kaupum þær vörur og þjónustu sem við getum sem næst okkur og tryggjum um leiða að við höfum áfram góða þjónustu í okkar næsta umhverfi.

Dapurlegt var að sjá hvað fáir sýndu áhuga á íbúafundi um bættu þjónustu og skilvirkni í starfsemi Hafnarfjarðarbæjar. Kannski var kynningin ekki nægilega góð og kannski var upplaggið ekki nægilega áhugavekjandi og kannski er fólk ánægðara með að geta kvartað í heita pottinum eða á samfélagsmiðlum. Við þurfum virka þátttöku bæjarbúa!

Guðni Gíslason ritstjóri.



Víðistaðakirkja

Sunnudagurinn 25. nóvember

Tónlistar- guðspjónusta kl. 11

KK syngur ljúfa og fallega tónlist.

Sunnudagaskólinn kl. 11

Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá.

Kyrrðarstund

á miðvikudögum kl. 12:10.

Súpa og brauð á eftir.

www.vidistadakirkja.is



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 25. nóvember

Gaflarakórinn syngur í messu kl. 11

Sunnudagaskóli á sama tíma.

Miðvikudaga

Starf eldri borgara kl. 13:30



www.astjarnarkirkja.is



Fríkirkjan

í Hlíðarsfirði

Sunnudagurinn 25. nóvember

Sunnudagaskóli kl. 11

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook

HAFNARFJARÐARKIRKJA



Sunnudagur 25. nóvember

Messa og sunnudagaskóli kl. 11

Þriðjudagur 27. nóvember

Orgeltónleikar kl. 12.15

Guðmundur Sigurðsson leikur.

Aðgangur ókeypis.

Miðvikudagur 28. nóvember

Rými fyrir kyrrð í skammdeginu

Fræðslukvöld kl. 20 - 20.45

Bylgja Dís Gunnarsdóttir fjallar um og kennir aðferðir til að iðka ihugun, bæn og þakklæti.

Verið öll velkomin!

100 ÁRA FULLVELDI

Hátíðardagskrá í Hafnarfjarðarkirkju

Laugardaginn 1. desember kl. 13-16:

Hátíð Hamarskotslækjar í Hásölum og sýningar í Ljósbroti Hafnarfjarðarkirkju.

Eyjólfur Eyjólfsson syngur íslensk þjóðlög og leikur á langspil ásamt söngnemendum.

13.30: Fyrirlestur; Jóhannes J. Reykdal, Hafnarfjörður og Ísland í byrjun 20 aldar.

14.00: Kvikmynd Halldóra Árna Sveinssonar.

14.15: Fyrirlestur; Íslenski þjóðbúningurinn, þróun hans og áhrif Sigurðar Guðmundssonar.

15.00-16.00: Kaffi og meðlæti.

Sunnudaginn 2. desember kl. 11:

Hátíðarmessa kl. 11.00

Félagar í Annríki ganga til kirkju í þjóðbúningum og annast lestra.

Jón Sigurðsson, fyrrv. ráðherra flytur hátíðarræðu.

Barbörukórinn syngur ættjarðarlög og aðventusálma.

Prestur sr. Jón Helgi Þórarinnsson. Organisti Guðmundur Sigurðsson.

Sunnudagaskólinn hefst kl. 11.00

Kveikt á fyrsta aðventukertinu.

Kaffiveitingar í safnaðarheimilinu á eftir.

Útskrift Annríkis þjóðbúningar og skart.

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét A. Guðjónsdóttir



Kristín Ingólfssdóttir



Hannes Ö. Samþorst

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is

Iðkunum í íþróttafélögum fjölgar

14.839 skráðir iðkendur í íþróttafélögum innan íþróttabandalags Hafnarfjarðar

Í skýrslu Íþróttabandalags Hafnarfjarðar fyrir árið 2017 kemur fram að iðkunum fjölgar á milli ára um 1.474 en iðkanir er skilgreint sem þátttaka einstaklings í hverri íþróttgrein.

Mest fjölgar hjá Fimleikafélaginu Björk þar sem iðkanir fara úr 1.563 í 2.040 sem er 30,5% aukning. Hjá Badmintonfélagi Hafnarfjarðar fjölgar iðkunum úr 406 í 645 eða um 59%.

Iðkunum fækkar mest hjá FH, úr 3.099 í 2.758 eða um 11% og hjá Golfklúbbnum Keili úr 1.436 í 1.269 eða um 12%. Hlutfallslega er mest fækkun hjá Hjólreiðafélaginu Bjarti sem fækkar úr 135 í 94 eða um rúm 30%.

Flestar iðkanir eru hjá FH, 2.758, Haukar eru með 2.570 iðkanir og Björk með 2.040 iðkanir.

Almenningsíþróttir mismunandi íþróttgreina hafa flestar iðkanir, 2.394, knattspyrnan með næst flestar, 1.931 og golfið í þriðja sæti 1.887 iðkanir.

32 ÞÚSUND FÉLAGAR

Alls eru skv. skýrslunni 32.585 einstaklingar skráðir félagar í aðildarfélagum ÍBH langflestir 18 ára eða eldri, 23.920. Flestir félagar eru í FH, 7.530 en fæstir í Hjólreiðafélaginu Bjarti, 94. Athygli vekur að skráðum félögum innan aðildafélaga ÍBH hefur fjölgað um 79% á milli ára en ekki er vitað hver skýringin er.

FH	7.530
Haukar	6.871
Björk	5.741
SH	2.289
Keilir	1.711
Kvartmíluklúbburinn	1.419

14.839 IÐKENDUR

Alls eru 14.839 iðkendur skráðir í íþróttafélögin en þeir eru aðeins um 45% af félaga fjöldanum. Flestir iðkendanna eru 17 ára eða yngri eða 8.832. Hefur iðkendum fjölgað um 11% á milli ára. Hér þarf að skoða að iðkendafjöldinn er sá sami og fjöldi



Ljóm.: Guðni Gíslason

iðkunar sbr. það sem kemur fram í inngangi skýrslunnar. Iðkanir ættu að vera fleiri en iðkendur enda getur einn iðkandi verið í t.d. í þremur íþróttgreinum og skilað því þremur iðkunum.

FH	2.758 (37%)
Haukar	2.570 (40%)
Björk	2.040 (36%)
Keilir	1.269 (74%)
SH	1.101 (48%)

Alls eru konur 5.689 iðkenda eða 38,3% allra iðkenda á sama tíma og

Frá krakkapriðbraut 3SH.

þær eru 47% félaga. Fjölgar kveníðkendum um 511 á milli ára eða um 9,9% á meðan iðkendafjöldinn stóð 41,9%.

1,2 MILLJARÐUR Í TEKJUR

Samtals voru heildartekjur íþróttafélaganna 1,25 milljarður kr. árið 2017 og höfðu hækkað um 13% á milli ára. Gjöldin voru 1,22 milljarður og högðu hækkað um 16%.



Hafnarfjarðarkirkja

HÁDEGISTÓNLEIKAR

Þriðjudaginn 27. nóvember kl. 12.15-12.45



Guðmundur Sigurðsson

organisti Hafnarfjarðarkirkju,
leikur verk eftir
Johann Sebastian Bach,
Georg Böhm og
Leif Solberg
á bæði orgel kirkjunnar

Aðgangur ókeypis!

Verið hjartanlega velkomin – Kaffisopi eftir tónleikana



ÍBÚAFUNDUR

Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði

Umræða um verðlaunatillögur og gerð rammaskipulags

Hafnarfjarðarbær boðar íbúa og fyrirtæki til opins fundar. Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 27. nóvember næstkomandi frá kl. 17:00 – 18:30 í Bæjarbíói við Strandgötu. Samtal við arkitekta verðlaunatillagna í samkeppni um skipulag Flensborgarhafnar og Óseyrarsvæðis auk umræðu um gerð rammaskipulags sem byggir á verðlaunatillögnum.

Nánar á hafnarfjordur.is

585 5500
hafnarfjordur.is



Styrkir Mæðra- styrksnefndar

Þú getur styrkt starf nefndarinnar!

Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar tekur á móti umsóknum á morgun, föstudaginn 23. nóvember kl. 16 til 18 og á laugardaginn kl. 13 til 15 í húsnæði sínu að Hlíðarbraut 10 þar sem leikskólinn Kató var áður.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni mæðrastyrksnefnd.is en þar má m.a. prenta út umsókn til að fylla út.

Minnst er á að umsókn verður ekki tekin gild nema að búsetuvottorð og

staðgreiðsluskra með tekjum fyrir janúar til og með október 2018 fylgi umsókn. Umsækjendur þurfa að eiga lögheimili í Hafnarfirði.

ÞÚ GETUR LAGT LIÐ

Hægt er að styrka starf nefndarinnar með því að leggja inn á reikning í Íslandsbanka, 544-04-760686 eða í Landsbankanum, 0140-15-381231, kennitala er 460577-0399.

Hvert framlag skiptir máli.

Höfnuðu 8 hæða hóteli

Eftir að gera deiliskipulag

Skipulags- og byggingarráð hafnaði á fundi sínum á þriðjudag ósk um að fá að byggja 8 hæða hótél að Trönuhrauni 10, 6267 m² að stærð með nýtingarhlutfalli lóðar 3,28.

Áætlað byggingarmagn alls reits 3, sem lóðin er á í rammaskipulagi, er rúmlega 7100 m² og nýtingarhlutfall um 1,5. Gert er ráð fyrir að hverfið í heild byggist í áföngum á um 15-20 árum.

Rammaskipulagið setur meginreglur fyrir uppbygginguna með það að markmiði að ná fram fjölbreyttu og aðlaðandi borgarumhverfi. Deiliskipulag þessa reits liggur ekki fyrir, samráð við aðra lóðarhafa liggur ekki fyrir, húshæðir í tillögu eru ekki í samræmi við fyrirbyggjandi rammaskipulag, byggingarmagn talsvert umfram það sem rammaskipulag mælir með (1,5-3,28).

Með vísan til þessa segir í umsögn að ekki sé hægt að taka fyrirbyggjandi tillögu til frekari umfjöllunar.

Í rammaskipulaginu segir m.a. um þetta svæði: „Í dag er á svæðinu aðallega iðnaður en einnig verslun og þjónusta á jarðhæð en skrifstofur á efri hæðum. Í framtíðinni verður þetta svæði að mestu leyti íbúðarbyggingar með góð tengsl við grænt miðsvæði.“

Hátíðardagskrá á 100 ára fullveldisafmæli Íslands

Hátíðardagskrá í Hafnarfjarðarkirkju 1. og 2. desember

Fjölbreytt hátíðardagskrá verður í Hafnarfjarðarkirkju 1. og 2. desember nk. í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands.

Formleg opnun hátíðarinnar hefst í Hásölum kl. 13 og stendur hátíðin til kl. 16. Dagskrárstjóri er Magnús Gunnarsson.

Sýning verður í Ljósbroti Hafnarfjarðarkirkju en Eyjólfur Eyjólfsson syngur íslensk þjóðlög og leikur á langspil ásamt nemendum úr Söngskóla Sigurðar Demetz kl. 13.15-13.30.

Steinn Guðnadóttir flytur fyrirlestur kl. 13.30 sem hún nefnir, Jóhannes J. Reykdal, Hafnarfjörður og Ísland í byrjun 20 aldar en að loknum fyrirlestrinum verður sýnd kvikmynd Halldórs Árna Stefánssonar um Jóhannes.

Kl. 14.15 flytur Guðrún Hildur Rosenkjær fyrirlestur sem hún nefndir Íslenski þjóðbúningurinn, þróun hans og áhrif Sigurðar Guðmundssonar.

Ráðstefnulok eru kl. 15 en boðið er upp á kaffi og meðlæti til kl. 16 en þá geta gestir einnig skoðað sýningu í Ljósbroti Hásala á spjöldum með fróðleik um verk Jóhannesar J. Reykdal.

HÁTÍÐARMESSA

Sunnudaginn 2. desember verður hátíðarmessa í Hafnarfjarðarkirkju kl. 11 þar sem félagari Þjóðbúningafélaginu Annríki ganga til kirkju í þjóðbúningum og annast lestra.

Jón Sigurðsson, fyrrv. ráðherra flytur hátíðarræðu og Barbörurórin syngur ættjarðarlög og aðventusálma. Prestur er sr. Jón Helgi Þórarinsson og organisti

er Guðmundur Sigurðsson sem jafnframt stýrir Barbörurókómum.

Í sunnudagaskólanum kl. 11 verður kveikt á fyrsta aðventukertinu en síðan verður boðið upp á kaffiveitingar í safnaðarheimilinu á eftir þar sem fram fer útskrift á þjóðbúningasamanámsskeiði sem Annríki, þjóðbúningar og skart hafa staðið fyrir undanfarin ár.



Stytta af Jóhannesi J. Reykdal við stífluna í Hamarkotslæknum.

Vilja brúa bilið og bæta þjónustu

Fagfólk og foreldrar hafa lýst yfir áhyggjum af ónægri markvissri þjónustu við börn og unglinga

Brúin er ný nálgun í þjónustu við leik- og grunnskólabörn í Hafnarfirði sem unnið hefur verið að síðan í lok árs 2016. Þetta viðamikla verkefni snýr að því að finna leiðir til að bæta þjónustu við leik- og grunnskólabörn bæjarins og fjölskyldur þeirra en undanfarin ár hefur fagfólk og foreldrar lýst yfir áhyggjum af því að ekki sé nægileg markviss þjónusta við börn og unglinga með félags-, náms- og/eða gedheilbrigðisvanda á Íslandi.

Haustið 2018 var farið af stað með þessa nýja nálgun og fer samþætting og aukin þjónusta í gegnum lausnateymi sem starfa með báðum skólastigunum. Rauði þráðurinn í Brúnni snýr að velferð og lífsgæðum barna og fjölskyldna þeirra og er áhersla lögð á að veita aukna þjónustu á fyrri stigum og auka samvinnu á milli fagsviða og skóla.

Í lausnateymi sitja fulltrúar leik- og grunnskóla, sálfræðingur/sérkennslu-fulltrúi frá fræðslu- og frístundþjónustu og sérfræðingur Brúarinnar. Á með Brúnni að veita heildstæðan stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Í tilkynningu frá Hafnarfjarðarbæ segir að í lausnateymi sé nám, hegðun, þroski og/eða líðan barns rædd með

samþykki foreldra og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast fyrir við erfiðleikum eða aðstæðum barnsins. Vandinn sé þannig greindur á fyrri stigum og reynt að koma í veg fyrir þróun til verri vegar með því að nýta strax viðeigandi úrræði.

Jafnframt er leitast við að draga úr biðlistum eftir greiningu og þörf fyrir

aðkomu barnaverndar með því að grípa fyrir inn í og veita þessa snemmtæku þjónustu.

Þróun verkefnisins fer fram með sjö leikskólum og þremur grunnskólum bæjarins en vinnulagið verður síðar innleitt í alla leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar.



Í forsvari fyrir verkefnið hjá Hafnarfjarðarbæ eru Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri fjölskylduþjónustu, Fanney D. Halldórsdóttir sviðsstjóri fræðslu- og frístundþjónustu (t.v.) og Hulda Björk Finnsdóttir verkefnastjóri (t.h.).

Hjallabraut, aðalskipulagsbreyting

Á fundi skipulags- og byggingarráðs var tekin fyrir á ný aðalskipulagsbreyting vegna breyttrar landnotkunar við Hjallabraut. Lögð var fram endurskoðuð tillaga frá samþykkt skipulags- og byggingarráðs þann 16.05. s.l.

Skipulags- og byggingarráð þakkaði kynninguna og samþykkti fyrir sitt leyti breytingu á gildandi aðalskipulagi fyrir svæðið í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga og leggur til við bæjarstjórn:

„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að unnið verði að breytingu á gildandi aðalskipulagi fyrir svæðið í samræmi við 1.mgr. 36.gr. skipulagslaga.“

Ef það liggur ekki ljóst skv. ofangreindri fundargerð þá er verið að undirbúa byggð sem m.a. teygir sig inn á aðra akreina á Hjallabraut, neðan við hringtorgið við Sævang og inn á hverfisverndað hraun við Viðistaðatún. Engin mynd eða tillaga fylgdi fundargerðinni.



VIÐ ERUM 25 ÁRA!

Domino's fagnar 25 ára afmæli
um þessar mundir og af því tilefni
þjótum við fjölda glæsilegra og
ljúffengra glaðninga á hverjum
degi – alla vikuna!

Fylgstu vel með og njóttu
gleðinnar með okkur.

SMÁAUGLÝSINGAR

þjónusta

Bílaþríf. Kem og sæki. Þvottur og bón verndar bílinn. Úrvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í síma 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara. Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggill@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.
Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

HuX er ný ljóða- og örsögubók

eftir Steinunni Þorsteinsdóttur

„Hvað gerir maður við hugsanir, línur úr leikritum, ljóð og örsögur sem hafa verið að veltast um í huganum eins kvikmynd frá þögla tímanum og á lyklaborðinu þar sem stafir vilja verða að sögum. Jú, maður smellir þeim upp í hringekju og býður gestum og gangandi í ferð með konunni sem stal varalitnum mínum, prinsessunni sem á 365 kjóla, boxaranum og þeim Chekov bræðrum sem hafa þurft að drekka með mér kaffi og leggja línur í aðra sögu sem er í smíðum og á meðan ekkert gekk að skrifa þá sögu, tókum við spjallið um ástina og lífið í víðustu merkingu þeirra orða,“ segir Steinunn Þorsteinsdóttir og bætir við að sagan hefjist við sólarupprás í landi hinum

megin við hafið og lokist hjá kaffivél við glugga í bæ sem kenndur er við höfn.

„HuX- ið mitt hefði aldrei orðið að veruleika án þeirra Lárusar Karls Ingasonar, útgefanda sem gaf þetta ekki eftir, Elínar Illugadóttur ritstjóra sem setti orðin mín svo snilldarlega upp í hringekjuna og Ragnheiðar Ingunnar Ágústsdóttur sem batt þetta allt saman í þessa litlu fallegu bók sem er svört eins og kaffið sem kemur svo víða við sögu í bókinni,“ segir Steinunn og laumar að okkur einni sögu þar sem velt er upp þeirri þælingu hvort hægt sé að kaupa hamingju í skál.

Vissir þú að ólífur gera þig hamingjusama sagði hann og rétti mér eina. Ég horfði á hana á milli fingra hans og gat ekki haft augun af þeim – voru eitthvað svo undurfallegir, sterkir, langir og lífsreyndir. Ég leit upp og synti óruttu í sögunni sem speglaðist í augunum og velti fyrir mér hvort það væri mögulegt að kaupa hamingju í skál. Tók við henni, snerti fingur hans og tímenn stóð í stað – ég, hann og hamingjan. Og þar sem ég stóð og horfði á hamingjuna mundi ég að ég borðaði ekki ólífur, ekki einu sinni þótt þeim fylgdu fallegir fingur.

HuX er fyrsta ljóða- og örsögubók Steinunnar enn áður hefur hún skrifað sagnfræðirit og leikrit. Fæst bókinn m.a. í Eymunsson á Strandgötnunni.

Gaf leyfi fyrir gámastæði þar sem 5 hæða hús á að rísa

Steypt gámastæði er af nákvæmlega sömu stærð og ósamþykkt 5 hæða hús

Á þriggja manna afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 31. október sl. var samþykkt heimild fyrir að steipt yrði gámastæði og reist girðing að Fornubúðum 5, en þar stendur styr um byggingu 5 hæða, tæplega 21 m hás húss, sem að hluta á að nota undir höfuðstöðvar Hafrannsóknarstofnunar.

Það sem gerir þessa samþykkt sérstaka er að deiliskipulagið sem heimilaði bygginguna var felld úr gildi og þar með byggingarleyfið sjálft.

KYNNINGARFUNDUR

Gera þarf aðalskipulagsbreytingu sem er í auglýsingu en breyting á deiliskipulagi lóðarinnar verður kynnt á opnum fundi sem haldinn verður í dag kl. 17 að Norðurhelli 2.

Stærðin á gámastæðinu, undirstöður og hæð eru alveg í samræmi við þær

teikningar sem höfðu verið samþykktar að húsnæði Hafrannsóknarstofnunar sem er um þriðjungur af því byggingarmagni sem leyfa átti.


Með þessu gátu menn því byggt sökklá og plötu fyrir byggingu sem engin heimild er til að byggja. „Þetta er snilld að láta sér detta þetta í hug,“ segir einn ónefndur embættismaður hjá Hafnarfjarðarbæ.

SKILAFRESTUR ATHUGA-SEMDA TIL 4. DESEMBER

Breyting á aðalskipulagi sem felst í að landnotkun er breytt og tillaga að

breyttu deiliskipulagi Suðurhafnar í samræmi við breytingu á aðalskipulagi sem í raun er gerð til að leyfa þessa viðbyggingu við Fornubúðir 5, m.a. undur starfsemi Hafrannsóknarstofnunar, hefur verið auglýst og er athugasemdur til 4. desember nk. Þetta má sjá í auglýsingu sem ekki hefur verið birt í bækjarblaði í Hafnarfirði og það vekur athygli að deiliskipulagsbreytingarinnar er ekki getið í kaflanum „Skipulag í kynningu“ á heimasíðu bæjarins.

Þá er fundurinn í dag heldur ekki auglýstur í bækjarblaði í Hafnarfirði.



Hér hafa teikningar af nýbyggingu Hafrannsóknarstofnunar og gámastæðinu verið lagðar saman og sýna að þarna er einfaldlega verið að leyfa uppsteypu á grunnni og gólfplötu. Hins vegar gæti orðið snúið fyrir byggingarfulltrúa að taka út járnabindingu í sökkli þegar og ef nýtt byggingarleyfi verður veitt.

Handverkssýning eldri borgara

Félag eldri borgara í Hafnarfirði stendur fyrir handverkssýningu á morgun, föstudag og laugardag. Sýningin er í Hraunseli, húsnæði félagsins að

Flatahrauni 3 og er hún opin frá kl. 10 til 17 báða dagana.

Sýndar verða meðal annars handavinnuprúfur sem unnar voru á lokaári seinni heimsstyrjaldar.





**22. nóvember
kl. 20. 30**

Tónleikar í Hafnarborg Hafnarfirði

Alda Ingibergsdóttir Sópransöngkona heldur tónleika í Hafnarborg 22. nóvember nk. til heiðurs föður sínum **Ingibergi Friðrik Kristinssyni** sem hefði orðið 90 ára á þessu ári.



Gestasöngvari:
**Gissur Páll
Gissurarsson.**



Undirleikari:
Antonia Hevesi.

**Aðgangseyrir
3.500 kr.**

Allir hjartanlega velkomnir.

Kom, kom hátíðin hæst

Jólatónleikar Kvinnakórs Hafnarfjarðar

Fimmtudaginn 6. desember kl. 20 heldur Kvinnakór Hafnarfjarðar jólatónleika í Viðistaðakirkju sem bera yfirskriftina Kom, kom hátíðin hæst.

Það hefur lengi verið hefð hjá Kvinnakór Hafnarfjarðar að halda jólatónleika í byrjun aðventu; undanfarin tvö ár hefur kórinn hins vegar verið með tónleika í nóvember, á Degi íslenskrar tungu. Nú þykir við hafi að

taka aftur fram jólalögin og leyfa kórkonum og tónleikagestum að upplifa aftur þá hátíðarstemningu sem ávallt ríkir á tónleikum kórsins á aðventunni.

Á efnisskrá tónleikanna verða hefðbundin jólalög víða að úr heiminum en sérstök athygli er vakin á því að kórinn mun flytja söngvasveiginn Dancing Day eftir breska tónskáldið John Rutter.

Verkið er útsett fyrir barna- eða kvinnakór og hörpu og þar tvinnar tónskáldið saman af mikilli list trúarlegri miðaldartíð og enskum jólasöngvum sem flytja okkur söguna af boðun Mariu og fæðingu frelsarans. Harpan spilar stórt hlutverk í söngvasveig Johns Rutter og það er Kvinnakór Hafnarfjarðar sérstakur heiður að fá að takast á við þetta hrífandi verk í samvinnu við Elísabet Waage, hópuleikara.

HÖRPU- OG FLAUTULEIKUR

Stjórnandi Kvinnakórs Hafnarfjarðar er Erna Guðmundsdóttir. Elísabet Waage leikur á strengi hópunnar og flautuleikari er Guðrún Herdís Amarsdóttir. Nokkrar konur úr hópi kórkvenna syngja einsöng á tónleikunum.

Miðasala er hjá kórkonum og við innganginn. Einnig má senda tölvupóst á kvinnakor.hafnarfjardar@gmail.com. Ókeypis er fyrir börn 12 ára og yngri. Gestum verður boðið að þiggja kaffi og konfekt í tónleikahléi.

Kvinnakór Hafnarfjarðar er á Facebook og þar er hægt að fylgjast með starfi hans.



Kvinnakór Hafnarfjarðar.

ÍÞRÓTTIR

HANDBOLTI:

23. nóv. kl. 19.30, Dalhús

Fjölnir - FH U, I. deild karla

24. nóv. kl. 16.30, Ásvellir

Haukar U - Þróttur, I. deild karla

25. nóv. kl. 16, Akureyri

Akureyri - FH, úrvalsdeild karla

26. nóv. kl. 19.15, Ásvellir

Haukar - ÍBV, úrvalsdeild karla

ÚRSLIT KVENNA:

FH - ÍR: 20-27

Haukar - Valur: 16-30

ÚRSLIT KARLA:

Valur - FH: 28-28

Haukar U - Valur U: 28-25

FH U - Þróttur: 35-35

Afturelding - Haukar: 31-33

KÖRFUBOLTI:

23. nóv. kl. 19.15, Ásvellir

Haukar - Keflavík, úrvalsdeild karla

25. nóv. kl. 19.15, Hlíðarendi

Valur - Haukar, úrvalsdeild kvenna

ÚRSLIT KARLA:

KR - Haukar: 97-88

sport@fjardarfrettir.is

Fræðslufundur um netfíkn

Barna- og unglingaráð knattspyrnudeildar stendur fyrir fræðslukvöldi fyrir foreldra á Ásvöllum á mánudaginn kl. 20. Aðgangseyrir er 1.000 kr.

Eyjólfur Örn Jónsson sálfræðingur ætlar að fræða foreldra um hættur netsins með sérstaka áherslu á svokallaða „netfíkn“ en rannsóknir benda til að u.þ.b. 12% reglulegra netnotenda eigi á hættu að ánetjast netfíkninni. Börn og unglingar eru sérstaklega útsett fyrir þessum vanda og því mikilvægt að foreldrar skilji vandann og viti hvað sé best að gera í málinu.

Eyjólfur Örn Jónsson sálfræðingur hefur síðastliðin 13 ár einkum verið með fólki til meðferðar við netfíkn og eru unglingaspilar og ungir karlar þar í miklum meirihluta.

facebook

www.facebook.com/fjardarfrettir

Smelltu á
LÍKAR VIÐ



Stórbruni við Hvaleyrarbraut

Glugga- og hurðasmiðja SB brann öðru sinni á rúmum 20 árum

BLSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Gullnámán

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.

BLSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

Mikill eldur kom upp að Hvaleyrarbraut 39 upp úr kl. 10 á föstudagskvöldið þar sem Glugga- og hurðasmiðja SB er til húsa.

Mikið lið slökkviliðs kom til að slökkva eldinn sem teygði tungur sínar til himins og sást langt að. Mikill vindur var sem æsti eldinn upp og rigning en austanstæður vindurinn sendi reykinn að mestu beint á haf út. Gaskútar sprungu og í eitt sinn mátt sjá eitthvað glóandi skjóttast hátt í loft upp.

ELDURINN BREIDDIST HRATT ÚT

Að sögn sjónarvotta virtist eldurinn brjótast mjög hratt út og húsið varð alelda á stuttum tíma. Voru þakhlutar þegar farnir að falla þegar slökkvilið var nýkomið á staðinn. Fljótlega læsti eldurinn sig í bíl og öðru lauslegu neðan við húsið og barst eldurinn þaðan inn á neðri hæðina en ekki er innanengt á milli hæðanna.

Lögregla lokaði fljótlega götum í nágrenninu og varaði fólk við að koma á staðinn.

Starfsmenn Furu komu með krabba strax um föstudagskvöldið og var þegar hafist handa við að fjarlægja járnplötur áður en þær færu að fjúka. Var haldið áfram á laugardag að hreinsa flest lauslegt með krabbanum sem mokaði rústunum í gáma sem ekið var svo með á brott.

ILLA GEKK AÐ SLÖKKVA ELD Á NEÐRI HÆÐINNI

Að sögn vettvangsstjóra á laugardag logaði enn í vestasta hluta kjallarans. Ekki var nákvæmlega vitað hvað þar væri inni og ekki var talið forsvaranlegt að fara þar inn. Á laugar-



Ljóm.: Guðni Gleason

Pungstíg spor eiganda er hann horfir á brunnið fyrirtæki sitt.

dag freistudust menn að nota kvoðu til að kæfa eldinn en að sögn slökkviliðsins hefur hún þann hæfileika að smjúga inn alls staðar og kæfa eldinn. Var henni dælt inn um neyðarútgang innst og vestast í rýminu. Það er lokað rými með neyðarútgangi frá þeim tveimur af þremur rýmum á neðri hæðinni. Þjuggust menn við að það dygði til að kæfa eldinn.

Það gekk ekki eftir svo að slökkvistarfi var frestað yfir nóttina og réðst slökkviliðið til atlögu upp úr hádegi á sunnudag með tveimur dælubílum og reykköfurum og tókst þeim að ráða niðurlögum eldsins á sama tíma og stórvirk tæki voru notuð til að draga efni út úr aðstöðu Bindivirs.

VATNSPRÝSTINGUR FÉLL Í BÆNUM

Gríðarlegt vatnsmagn var notað við slökkvistarfið og tengt við marga brunahana sem dælt var úr. Við það féll prýstingur nokkuð svo Vatnsveitan þurfti að leita til Vatnsveitu Garðabæjar til að halda uppi prýstingi en veitukerfin eru samtengd og það því auðvelt.

Á efri hæðinni var Glugga- og hurðasmiðja SB ehf. Þar er allt brunnið og standa útveggir einir eftir en eldur læsti sig ekki í spónsugu sem er utan á austanverðu húsinu.

Neðri hæðinni er skipt í þrjú brunahólf, 488 m² bíl í austanverðu húsinu þar sem eigandi hæðarinnar, byggingafyrirtækið Dverghamrar hefur aðstöðu og tvö 244 m² bíl þar sem í öðru bilinu var starfrækt bílaverkstæði en fyrirtækið Bindivir ehf. er í hinu, því vestasta. Samtals er hvor hæð 976 m².

Ekki brann í aðstöðu Dverghamra en nýbúið var að standsetja húsnæðið og mála allt að innan. Þar er hins vegar allt í sotti og vatni. Sagðist Guðmundur R. Guðmundsson, eigandi fyrirtækisins, ánægður að eldvarnarveggir sem settir hafi verið upp hafi haldið vel. Hann segir eftir að meta hvort hinn mikli hiti hafi rýrt burðargetu plötu á milli hæða og því óvíst um uppbyggingu.

Í vestasta hlutanum voru geymd ýmis plastefni, rósettur og fleira sem notað er til að halda járnagrindum í húsum á réttum stöðum. Brettafarnur af þessum efnum loguðu glatt og

var það sem erfitt var að slökkva í og það var vandamálið sem slökkviliðið glímdi lengst við.

Vindur hélt afskaplega hagstæður fyrir utan það að hann magnaði upp eldinn. Fór reykurinn að mestu beint á haf út en mikil óþægindi og hætta hefði getað skapast ef vindurinn hefði verið af einhverri annarri átt.

ÓVÍST UM UPPBYGGINGU

Jónas Sigurðsson eigandi Glugga- og hurðasmiðju SB segir tjónið mikið. Hann segist vera þokkalega tryggður en hafi ekki verið með rekstrarstöðvunartryggingu. Aðspurður sagðist hann ekkert vita um framhaldið og muni biða eftir niðurstöðu tryggingafélagsins en hafi ekki tekið neina ákvörðun um hvort fyrirtækið verði byggt upp aftur eða ekki. Jónas þekkir það að missa allt fyrirtæki sitt en húsnæði fyrirtækis með sama nafni sem var við Dalshraun, brann til grunna árið 1996 og var það mikið og átakanlegt tjón.

Jónas sagðist enga hugmynd hafa um það hvernig eldurinn gæti hafa kviknað en lögreglan vinnur nú að rannsókn á elds-
uppþökunum.

Lögreglan óskar eftir að ná tali af fólki sem var á ferðinni í nágrenni við brunavettvanginn áður en slökkvilið og lögregla komu á staðinn. Ökutækin og fólkið sést á myndefni sem lögreglu hefur borist en mikilvægt er að þessir aðilar hafi samband sem fyrst. Hægt er að hafa samband við lögreglu gegnum netfangið jgs@lrh.is, gegnum einkaskilaboð á fésbókarsíðu embættisins eða í gegnum símann 444 1000.

Gríðarlegur eldur var strax í upphafi. Fleiri myndir má sjá á fjardarfrettir.is

70 ára reynsla,
þekking og þjónusta
á rafgeymum

RAFGEYMASALAN

Dalshrauni 17, Hafnarfirði • 565 4060
sala@rafgeymar.is • www.rafgeymar.is

Lofnetsþjónusta
Netþjónusta

PEKKING OG REYNISLA

Uppsetning og viðgerðir
Loftnet | Gervihnettir | Ljósnet
Ljósleiðari | Sjónvarpsbúnaður

Raflagnþjónusta
Lofnetstaekni.is
sími 894 2460

Loftnetstaekni ehf

